

Skýrsla stjórnar:

Formaður Þuríður Valgeirsdóttir flutti skýrslu stjórnar:

Stjórnin hefur haldið 7 stjórnarfundum frá síðasta aðalfundi.

Aðalverkefni stjórnarinnar fram að þessu hefur verið að skipuleggja starfsemi samtakanna s.s. setja upp dagskrá, halda fræðslufundi og vinna að útgáfu bæklinga.

Haldnir hafa verið tveir fræðslufundir frá því þessi stjórn tók við. Sá fyrri var haldinn 10 október og bar yfirskriftina “matur er mannsins megin” en fyrirlesari á þeim fundi var Svava Engilbertsdóttir næringafræðingur.

Sá seinni var haldinn 19. nóvember og var erindi þess fundar Cron's og Colitis ulcerosa en fyrirlesari á honum var Kjartan B. Örvar sérfræðingur í meltingasjúkdómum á St Jósefsspítala í Hafnarfirði

Á stjórnarfundum höfum við rætt um að reyna að halda fund með lækni, félagsráðgjafa og einhverjum frá tryggingum vegna þess hve erfitt hefur verið fyrir okkur með þessa sjúkdóma að fá sjúkdómatryggingu en iðgjöldin eru yfirleitt hærri en hjá öðrum.

Ætlunin er í haust að halda veglegagan kynningarfund á samtökunum og reyna þar með að gera okkur sýnilegri og um leið að gefa út “Biðstofubækling” sem sendur verður í allar biðstofur, sjúkrahús og heilsugæslustöðvar.

Stjórnina skipa.

Þuríður Valgeirsdóttir formaður

Ingibjörg Konráðsdóttir varaformaður

Óskar Arason gjaldkeri

Hrefna Jóhannsdóttir ritari

Unnur Árnadóttir meðstjórnandi

Jarþrúður Jónsdóttir meðstjórnandi

Sigrún Sæmundsdóttir meðstjórnandi

Minum á vefsíðu okkar www.doktor.is/ccu